

**Samþykktir 33. aðalfundar
Landssambands smábátæigenda
19. – 20. október 2017**

Efnisyfirlit

Sameining veiðikerfa	3
Veiðigjald	3
Stjórnkerfi fiskveiða	4
Strandveiðar	4
Makrílveiðar	5
Grásleppuveiðar	6
Hvítlúða	7
Hvalveiðar	7
Veiðar á síld til beitu	7
Byggðakvóti	7
Humarveiðar smábáta	7
Botnvarpa	8
Fiskverð	8
Aflaívilnun	8
Lokun/öpnun veiðisvæða	9
Tegundatilfærsla	9
Rannsóknir	10
Öryggismál	10
Markaðsmál	11
Gjöld	11
Vigtun afla	11
Undanþága á veiðiskyldu í alvarlegum veikindum	11
Veðurathugunarstöð	11
Handfæraveiðar	11
Stjórn Landssambands smábátæigenda 2017 - 2018	12
Félagslegir skoðunarmenn	12

Sameining veiðikerfa

Aðalfundur LS leggst gegn sameiningu króka- og aflamarkskerfis.

Veiðigjald

Aðalfundur LS mótmælir hækkun veiðigjalda og telur að útreikningur veiðigjalda sé ekki framkvæmdur á réttan hátt og styður tillögu stjórnar LS frá 28. júlí 2017 um útreikning veiðigjalda.

„Stjórn LS skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að beita sér nú þegar fyrir breytingu á lögum um veiðigjald.

Greinargerð.

1. september næstkomandi hækkar veiðigjald helstu tegunda um tugi prósentu. Þorskur og ýsa slá þar öll met, þorskurinn hækkar um 107% og ýsan um 127%.

Stjórn LS vekur athygli á skyldu sjávarútvegsráðherra að standa vörð um stöðu sjávarútvegsins þar sem markmiðið er að efla hann og greinin verði áfram sú sterka stoð sem þjóðin hefur getað treyst á sem höfuðatvinnuveg landsins.

Sjá mátti fyrir hina gríðarlegu hækkun sem greinin hefði mætt af æðruleysi hefðu rekstrarskilyrði verið þau sömu og á árinu 2015, sem er viðmiðunarár gjaldsins. Það er hins vegar ekki á vísan að róa á því sviði þegar við náttúrulegar sveiflur í veiðistofnum bætist við sterkt gengi krónunnar og tugaprósenta lækkun fiskverðs. Útgerð smábáta stendur í þeim sporum að verði engar breytingar gerðar á gjaldinu mun fjöldi útgerða ekki hafa forsendur til að hefja veiðar 1. september nk.

Stjórn LS skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að beita sér nú þegar fyrir breytingu á lögum um veiðigjald. Hæg eru heimatökin þar sem alþingismenn í öllum flokkum og hagsmunasamtök hafa sagt hækkunina koma sér einkar illa fyrir „litlar og meðalstórar útgerðir“. Verði ekkert að gert munu skilyrðin auk rekstrarstöðvunar leiða til áframhaldandi samþjöppunar veiðiheimilda og fábreyttari útgerðarflóru.

LS hafnar þeim málflutningi að aðilar hafi átt að sjá þetta fyrir og leggja til hliðar. Smábátaeigendur glíma enn við gríðarlega háa greiðslubyrði lána vegna afleiðinga Hrunsins. Öll endurnýjun hefur því setið á hakanum fyrir skuldbindingum. Auk veiðigjaldsins kemur hrun fiskverðs af fullum þunga á þessa viðkvæmu útgerð og ekkert lát á smánarlegri hækkun á veiðiheimildum í þorski.

LS ítrekar fyrri samþykktir um að veiðigjald verði innheimt af handhöfum aflahlutdeilda eins og upphaflega var gert, en ekki þeim sem veiða, og ákvæði um afslátt vegna vaxtaberandi skulda verði framlengt. Bæði atriðin skipta smábátaeigendur miklu máli.

Auk þessara þátta er rétt að velta fyrir sér fleiri atriðum sem snerta veiðigjald. Í dag er sá háttur hafður á að allir sem greiða veiðigjald fá 20% afslátt af reikningi að

upphæð 4,5 milljónir og 15% afslátt af sömu upphæð umfram það. Til að gæta sanngirnis milli smábátæigenda og stærri útgerða leggur LS hér til annað fyrirkomulag sem felst í að veiðigjald verði þrepaskipt. Útfærslan yrði á þá leið að þeir sem hafa minna en 50 tonn í varanlegum þorskígildum greiði fjórðung af fullu gjaldi. Hlutfallið hækki svo með heimildum sem eru umfram ákveðin þrep upp að 2.000 þorskígildum. Fyrir heimildir umfram það magn bæri að greiða álag á veiðigjald þannig að gjaldið skili sömu tekjum og gert er ráð fyrir. Með breytingunni mundi draga stórlega úr samþjöppun, samkeppnisforskot sem stærstu útgerðirnar hafa á þær minni mundi minnka og síðast en ekki síst að aðferðin væri leið til sanngjarnari gjalddöku.“

Stjórnkerfi fiskveiða

Aðalfundur LS

- samþykkir að LS skuldbindi sig til að berjast fyrir þá félaga sem enn eiga aflaheimildir, til jafns við önnur baráttumál félagsmanna.
- mótmælir harðlega öllum hugmyndum um uppboðsleið á aflaheimildum.
- skorar á sjávarútvegsráðherra að færa reglur um VS afla til fyrra horfs, þ.e.a.s. fiskveiðiárið eitt tímabil.
- skorar á stjórnvöld og ráðherra að beita sér fyrir því að strandveiðiafli telji til viðmiðunar til VS heimildar líkt og allur annar afli gerir.
- skorar á stjórnvöld að færa aflareglu í fyrra horf.
- skorar á sjávarútvegsráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta að hluta til í þorskígildum í stað kílóa í einstökum tegundum. Er þá átt við að menn gætu veitt ákveðinn hluta af sínum heimildum í ígildum talið.

Strandveiðar

Aðalfundur LS

- vill að barist verði af alefli fyrir því að strandveiðar verði leyfðar 4 daga í viku frá 1. maí til 31. ágúst ár hvert á öllum svæðum án þess að það komi til stöðvunar veiða.
- leggur til að ufsi skerði ekki aflaviðmið til strandveiða
- mótmælir því að strandveiðiflotinn sé tekinn út fyrir sviga og sé eina sérleyfið sem þarf að greiða sérstakt gjald, 50.000 kr. Fundurinn minnir á

að þetta eru minnstu leyfin og ein af rökunum fyrir strandveiðinni var að gera mönnum kleift að byrja í útgerð.

- vill að strandveiðibátum verði heimilt að fá farþegaleyfi samhliða strandveiðileyfi og megi bjóða til sölu ferðir á strandveiðar að uppfylltum öryggiskröfum Samgöngustofu. Fjöldi farþega í hverjum báti ræðst af stærð báts og öryggisbúnaði.

Á banndögum í strandveiðikerfinu og ef einhverra hluta vegna komi til stöðvunar veiða verði strandveiðibátum heimilt að bjóða upp á sjóstangaveiðiferðir og falli þá undir kröfur Fiskistofu um 49 fiska á dag.

Með þessu myndu tækifæri innan strandveiðikerfisins aukast til muna og bátarnir fengju betri nýtingu við atvinnusköpun allt í kringum landið. Kerfið yrði um leið fýsilegra fyrir nýliða.

- skorar á stjórnvöld að auka við aflaheimildir til strandveiða, þar sem fisk vantar í vinnslur yfir sumarið. Kom áþreifanlega fram í ágúst sl.
- mælir með að umframafli á strandveiðum upp að hámarki 60 kg á dag, verði lagður saman í lok mánaðar og komi til frádráttar á 3. sóknardegi næsta mánaðar. Umfram 60 kg á dag sektist um tvöfalt meðalverð á markaði. Umframafli í ágúst verði meðhöndlaður á sama hátt og nú er gert nema sektin verði tvöfalt meðalverð.
- leggur til að umframafli á strandveiðum telji ekki til viðmiða við byggðakvóta.
- krefst þess að strandveiðibátum verði heimilt að veiða kúskel í beitu.

Makrílveiðar

Aðalfundur LS

- leggur til að 16% af leyfilegum heildarafla á makríl komi í hlut færabáta. Ennfremur að reglugerð um kvótasetningu færabáta sem sett var fyrir 3 árum verði felld úr gildi og veiðar gefnar frjálsar að 16%.
- skorar á stjórnvöld að verði frjálsar handfæraveiðar ekki samþykktar þá verði veiðar gefnar frjálsar norður frá Látrabjargi austur og suður að Eystra Horni.

Grásleppuveiðar

Aðalfundur LS

- leggur til að veiðidagar á grásleppu taki mið af heildarafla sem Hafrannsóknastofnun leggur til.
- leggur til að upphafsdagur grásleppuveiða verði 20. mars á svæði E.
- fer þess á leit við starfandi ráðherra hverju sinni að hann vandi vinnubrögð og ákvarðanatöku um lengd veiðitíma á grásleppu, óvönduð vinnubrögð ollu mörgum grásleppuútgerðum tjóni í vor 2017.
- beinir því til þeirra er málið varðar, að óheimilt er að landa grásleppu af bátum sem ekki hafa veiðileyfi til grásleppuveiða. Ennfremur að utan leyfilegs veiðitíma ber að sleppa allri grásleppu sem veiðist.
- leggur til að LS kryfji verðlagningu á hrognum frá árinu 2010 eða frá því farið var að hirða búkinn af grásleppunni.
- leggur til að leyfð verði notkun belgja (sem valmöguleika) á grásleppuveiðum.
- mótmælir harðlega þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps. Félagið krefst þess að 4. málsgrein 9. greinar í reglugerð um hrognkelsveiðar nr. 202 frá 4. mars 2016 verði tafalaust felld úr gildi.

Greinargerð.

Fjórir æðarbændur nýta varp á litlum hluta þessa svæðis en hafa náð með „lobbyisma“ að fá bannið samþykkt. Benda má á að athugun fór fram á fjölda æðarfugla sem komu í net, en þessi athugun var framkvæmd af sérstökum eftirlitsaðila utan þeirrar skráningar sem grásleppusjómenn sjálfir skrá.

- leggur til að nýttir veiðidagar á grásleppu séu aðeins þeir dagar sem net eru í sjó.
- óskar eftir samstarfi við Hafró um rannsóknir á grásleppugengd og meðafla í grásleppunet á grunnslóð.

Hvítlúða

Aðalfundur LS

- fer þess á leit að leyfð verði löndun á hvítlúðu sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða. Um andvirði aflans skal fara með eins og andvirði annars afla.
- telur brýnt að LS óski eftir gögnum frá Hafró um rannsóknir og niðurstöður úr þeim rannsóknum um vöxt eða hnignun lúðustofnsins í íslenskri landhelgi síðan lúðuveiðar voru alfarið bannaðar 1. janúar 2012 á króka en áfram leyft löndun á lúðu úr öðrum veiðarfærum, ef að lúða væri talin hafa litlar lífslíkur.

Hvalveiðar

Aðalfundur LS hvetur til hvalveiða við Ísland.

Veiðar á síld til beitu

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að heimila veiðar á síld og öðru sem til fellur til nýtingar í beitu.

Greinargerð:

Það er gömul hefð fyrir þessum veiðum, þetta hjálpaði mönnum til að ná endum saman. Í dag gæti þetta hjálpað nýliðum að byrja að gera út.

Byggðakvóti

Aðalfundur LS krefst þess að allur byggðakvóti verði veiddur í kyrrstæð veiðarfæri af dagróðrabátum undir 30 tonn að stærð.

Humarveiðar smábáta

Aðalfundur LS

- skorar á LS að beita sér fyrir því að kanna möguleika á humarveiðum í gildrum.
Nú er það nokkuð ljóst að verið er að eyðileggja humarmiðin með öflugum togurum og að hluti humarkvótans brennur inni. Nú er tækifæri til að opna fyrir nýjungar í veiðum smábáta við Ísland.
- hvetur til að humarveiðar í gildrum samhliða þróun á veiðum, vinnslu og markaðssetningu grjótkrabba.

Greinargerð.

Grjótkrabbi er ný nytjategund innan veiðilögsögu Íslands og finnst hann nú í miklu magni í Faxaflóa. Ljóst er þó að löng og kostnaðarsöm þróunarvinna er framundan í veiðum, vinnslu og markaðssetningu á grjótkrabba áður en nýting á honum verði arðbær. Ómögulegt er fyrir smábátæigendur að standa straum af kostnaði við slíka þróunarvinnu.

Með því að heimila humarveiðar í gildrum upp að vissu marki samhliða veiðum á grjótkrabba væri hægt að dekkja hluta þess kostnaðar og hvetja útgerðarmenn til frekari þróunarvinnu við nýtingu á grjótkrabba sem í framtíðinni yrði sjálfbærar og umhverfisvænar veiðar.

Botnvarpa

Aðalfundur LS er þeirrar skoðunar að banna eigi veiðar með botnvörpu innan 12 mílna. Botnvarpa hefur mikil áhrif á lífríkið og á ekki heima innan 12 mílna frá landi.

Fiskverð

Aðalfundur LS telur að sú lækkun sem hefur orðið á fiskverði sl. 5 ár sé ekki einhlít. Það verður að vera hafið yfir allan vafa að ekki sé um samráð að ræða á milli fiskkaupenda. Fulltrúr Landssambands smábátæigenda og Samkeppniseftirlitið þurfa að fara í þetta mál.

Aflaívilnun

Aðalfundur LS

- leggur áherslu á að línuívilnun verði að hámarki 30% í stað 20% sem nú er.
- leggur áherslu á að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta innan við 30 brl. og krefst þess að allur fiskur veiddur á línu af dagróðrabátum innan við 30 brl. njóti sömu ívilnunar. Línuveiðar eru umhverfisvænar í samanburði við margar aðrar veiðiaðferðir. Óumdeilt er að olíunotkun er minni en á dregnum veiðarfærum og áhrif á sjávarbotninn eru lítil og áhrif línunnar á önnur sjávardýr eru engin, þ.e.a.s. enginn meðafli sjávarspendýra.
- leggur til að tekin verði upp aflaívilnun til þeirra sem landa á fiskmarkað.
Greinargerð. Mikilvægur þáttur til styrkingar fiskmarkaða og einyrkjaútgerðar.
- skorar á sjávarútvegsráðherra að láta handfærabáta njóta ívilnunar. Handfæri eru með allra vistvænustu veiðarfærum sem fyrirfinnast, mjög lítil olíunotkun á

veitt kíló, engin áhrif á botn og önnur botn- og sjávardýr. Fiskur veiddur á handfæri hefur alla möguleika til að vera úrvals hráefni með rétttri meðhöndlun.

Lokun/opnun veiðisvæða

Aðalfundur LS

- leggur til að hrygningarstoppi við Faxaflóa og Breiðafjörð ljúki 11. apríl ár hvert.
- leggst alfarið gegn því að opnað verði fyrir dragnótaveiðar á Skagafirði innan núverandi marka og lokun verði varanleg.
- skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta fyrirkomulagi reglugerðarlokana þannig að reglugerð sem felur í sér lokun hólfa vegna smáfisks á handfæri og línu falli úr gildi eigi síðar en sex mánuðum eftir að þau hafa verið ákveðin.
- skorar á Hafrannsóknastofnun að mæla með að lokun togveiðisvæðis við Reykjanes frá 15. október til 1. maí verði varanleg.
- krefst þess að sjávarútvegsráðherra nemi úr gildi reglugerð nr. 970 frá 13. desember 2010 um bann við línuveiðum á Húnaflóa.

Greinargerð.

Reglugerðin tekur yfir mjög stórt veiðisvæði í vestanverðum Húnaflóa, sem er mikilvæg veiðislóð fyrir smábáta við flóann. Reglugerðarlokunin er því mjög íþyngjandi fyrir útgerðir við Húnaflóa.

- hvetur til að bannsvæði innan Vestmannaeyja verði opnað fyrir handfæra-veiðum.

Tegundatilfærsla

Aðalfundur LS ályktar að LS beiti sér fyrir að tegundafærslur verði færðar til fyrra horfs, þ.e. að menn (bátar) megi nota allt að 2% af hverri tegund til tegundabreytinga, þó að hámarki 5% eins og það var.

Greinargerð.

Rökin fyrir þessu eru að menn sjái sér hag í að láta ufsa detta niður dauðann, sem er þvert á tilgang fiskveiðilaganna frá 2010. Til að útskýra málið þá eru menn að fara svokallaða öfuga tilfærslu með því að láta ufsa detta niður dauðann og fá aukningu í öðrum aukategundum í staðinn. Það var ekki tilgangur umræddra laga.

Rannsóknir

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu sjávargróðurs úr firðinum og hvaða áhrif það hafi á lífríki Breiðafjarðar.

Öryggismál

Aðalfundur LS

- telur brýnt að efla þurfi öryggismál sjómanna.
- skorar á Samgöngustofu að leggja áherslu á að nöfn báta séu rétt skráð á AIS, ella fái þeir ekki útgefið haffærisskírteini.
- telur að inn í reglugerð um hafnarmannvirki verði sett sérákvæði um löndunarkrana.
Hvergi stendur í reglum neitt um löndunarkrana, hvernig uppsetningu þeirra skuli háttað, né hvernig bryggjuaðstaða á að vera í kringum löndunarkrana smábáta.
Það að þetta skuli ekki vera í reglugerð þýðir að menn láta hjá líða að hafa aðstöðuna fullnægjandi. Dæmi eru um að hún sé stórhættuleg eins og þegar engir stigar eru við löndunarkrana!
- skorar á Samgöngustofu að sjá til þess að farsíma- og útvarpssamband á Lónsbugt (frá Stokksnesi austur fyrir Hvalnes) verði bætt. Staðan hefur ekkert breyst frá því í fyrra og útvarp og sími nást varla á þessu svæði.
- skorar á stjórnvöld að tryggja að langdrægni AIS kerfisins sé með þeim hætti að það nái yfir þekktar veiðislóðir smábáta til að tryggja sem best öryggi þeirra.

Markaðsmál

Aðalfundur LS skorar á utanríkisráðherra að reyna með öllum ráðum að opna fyrir viðskipti við Rússland hið fyrsta.

Gjöld

Aðalfundur LS mótmælir háum skoðanagjöldum á smábátum og íþyngjandi álögum ríkis og sveitarfélaga. Skorað er á viðkomandi að endurskoða gjaldskrár sínar.

Vigtun afla

Aðalfundur LS leggur til að allar undanþágur til heimavigtunar á bolfiski verði felldar úr gildi og allur afli verði endanlega vigtaður í þeirri höfn sem honum er landað í.

Undanþága á veiðiskyldu í alvarlegum veikindum

Aðalfundur LS leggur áherslu á að óskað verði eftir því að sjávarútvegsráðherra fái heimildir til að geta veitt undanþágu á veiðiskyldu þeirra aðila sem lenda í alvarlegum veikindum eða óhöppum.

Veðurathugunarstöð

Aðalfundur LS hvetur LS til að beita sér fyrir því að sett verði upp sjálfvirk veðurathugunarstöð á Reynisfjalli eða Dyrhólaey.

Handfæraveiðar

Aðalfundur LS skorar á sjávarútvegsráðherra að heimila frjálssar handfæraveiðar nú þegar.

Stjórn Landssambands smábátaeigenda 2017 - 2018

Axel Helgason formaður	Reykjavík
Þorlákur Halldórsson varaformaður	Grindavík
Einar Helgason	Patreksfjörður
Jóel Andersen	Vestmannaeyjum
Jón Höskuldsson	Álftanesi
Már Ólafsson	Hólmavík
Oddur V. Jóhannsson	Vopnafirði
Ólafur Hallgrímsson	Borgarfirði
Rögnvaldur Einarsson	Akranesi
Stefán Hauksson	Þorlákshöfn
Steinar Skarphéðinsson	Sauðárkróki
Steinn Rögnvaldsson	Skaga
Vígfús Ásbjörnsson	Hornafirði
Þorvaldur Gunnlaugsson	Kópavogi
Þórður Birgisson	Akureyri
Þórður Sigurvinsson	Suðureyri
Örvar Marteinnsson	Ólafsvík

Félagslegir skoðunarmenn

Andri Viðar Víglundsson	Ólafsfirði
Runólfur Kristjánsson	Grundarfirði